

Fimmtudaginn 22. febrúar 1962.  
 Nr. 4/1961. **Landssamband íslenzkra verzlunarmanna**  
 (Áki Jakobsson hrl)  
 gegn  
**Alþýðusambandi Íslands**  
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjóns-  
 son í stað Ísleifs Árnasonar.

Frávísun. Sératkvæði.

### Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 5. apríl f. á., af Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna gegn Alþýðusambandi Íslands, og eru dómkröfur stefnanda þær:

Að Alþýðusamband Íslands verði með dómi skyld- að til þess að veita Landssambandi íslenzkra verzlunarmanna inngöngu í alþýðusambandið með fullum og óskertum réttindum sem stéttarfélagasambandi og að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá Félagsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda. Þá hefur hann og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Málið hefur verið tekið til munnlega málflutnings sérstaklega að því er varðar frávísunarkröfu stefnda, en henni hefur stefnandi mótmælt og krafist þess, að hún verði ekki tekin til greina.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 2. júní 1957 stofnuðu 7 félög skrifstofu- og verzlunarfólks Landssamband íslenzkra verzlunarmanna. Árið 1960 voru félög í nefndu sambandi talin vera 20 að tölu með um það bil 3500 félagsmönnum. Á öðru sambandsþingi þess í maímánuði 1959 var samþykkt, að sambandið skyldi sækja um inngöngu í Alþýðusamband Íslands. Samkvæmt þessari á-

lyktun sótti stefnandi hinn 14. júní 1960 um inngöngu í alþýðusambandið. Umsókn þessa sendi miðstjórn alþýðusambandsins til umsagnar millipinganefndar alþýðusambandsins í laga- og skipulagsmálum, sem kosin var á alþýðusambandsþingi árið 1958 og skipuð var 6 mönnum. Samkvæmt frásögn stefnda, sem ekki hefur verið véfengd, klofnaði nefnd þessi um málið. Munu þrír nefndarmanna hafa viljað synja stefnanda um inngöngu með þeim rökum, að skipulagsmál Alþýðusambands Íslands væru enn í deiglunni, enda væri skipulag stefnanda annað en skipulag þeirra starfsgreinafélaga, sem þegar væru í alþýðusambandinu. Hinn hluti skipulagsnefndarinnar mun hins vegar hafa viljað veita stefnanda inngöngu að tilskildum nokkrum breytingum á samþykktum hans og að undangenginni endurskoðun á félagaskránni hinna ýmsu félaga. Miðstjórn alþýðusambandsins ákvað því næst, að synja stefnanda um inngöngu og kom málið fyrir alþýðusambandsþingið árið 1960. Samþykkti þingið með 198 atkvæðum gegn 129 tillögu þess efnis, að staðfest væri sú ákvörðun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands að synja stefnanda um inngöngu meðan skipulagsmál sambandsins væru enn í deiglunni. Kom því ekki til atkvæða tillaga, sem flutt var af 18 þingfulltrúum, þess efnis, að Landssambandi íslenskra verzlunarmanna yrði veitt innganga í alþýðusambandið, ef lög þess og félaga innan þess væru endurskoðuð.

Eftir þessi málalok hófst stefnandi handa um málshöfðun þessa. Eru dómkröfur hans studdar þeim rökum, að stefndi sé í mörgu tilliti málsvari og fulltrúi launþega í landinu og heildarsamtök þeirra. Hann sé að lögum aðili um margs konar hagsmunagæzlu launastéttanna. Af þessum sökum sé stefnanda það hagsmunamál, að eiga aðild að alþýðusambandinu, enda eigi hann rétt á því samkvæmt eðli málsins og löggjöfnun frá 2. gr. laga nr. 80/1938.

Stefndi byggir frávisunarkröfu sína á því, að stefnandi, sem sé samband stéttarfélaga, hafi hvorki með ákvæðum 2. gr. laga nr. 80/1938 né öðrum ákvæðum nefndra

laga fengið lögvarinn rétt til þess að krefjast inngöngu í Alþýðusamband Íslands gegn vilja þess. Það ráði sjálft skipulagsmálum sínum og þá einnig því, hverjum það veiti inngöngu. Sé í því efni algerlega óheimilt að jafna til ákvæða 2. gr. síðastnefndra laga um skyldu stéttarféлага til að veita launþegum í þeirri starfsgrein, sem þau starfa í, inngöngu. Synjun stefnda á inntökubeiðni stefnanda sé því hvorki brot á oftnefndri 2. gr. né öðrum ákvæðum laga nr. 80/1938 og eigi Félagsdómur því ekki, svo sem verkefni hans séu ákveðin í 44. gr. laganna, að fjalla um dómkröfur stefnanda í þessu máli.

Svo sem að framan er rakið, er stefnandi máls þessa samband stéttarféлага innan sömu starfsgreinar og geta öll verzlunarmannafélög hér á landi, sem uppfylla skilyrði samþykktar stefnanda, verið félagar, með þeirri undantekningu þó, að sambandið veitir aðeins einu verzlunarmannafélagi á hverjum stað inngöngu. Er tilgangur Landsambands íslenzkra verzlunarmanna samkvæmt 2. gr. samþykktar þess sá, að efla samtök skrifstofu- og verzlunarmanna og vera málsvari þeirra og hafa á hendi forystu í hagsmunamálum þeirra.

Samkvæmt samþykktum Alþýðusambands Íslands er það samtakaheild íslenzkrar alþýðu í verkalyðsmálum og hlutverk þess það, að hafa forystu í stéttarbaráttu og félagsstarfsemi alþýðunnar á Íslandi í málum atvinnustéttanna með það takmark fyrir augum, að þeim stéttum verði tryggð sambærileg kjör og sami réttur og öðrum stéttum þjóðfélagsins. Eru höfuðatriðin í starfsemi alþýðusambandsins samkvæmt samþykktum þess talin vera þau, að gangast fyrir stofnun stéttarféлага, styðja þau og efla hagsmunabaráttu þeirra.

Með ákvæðum 1. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur er samtakaréttur stéttarféлага og stéttarfélagasambanda viðurkenndur og lögvarinn, og í 3. gr. sömu laga er stéttarfélögum og stéttarfélagasamböndum heimilað að ráða málefnum sínum með þeim takmörkunum, sem löggin setja. Í 2. gr. laganna er þetta sjálfræði takmarkað nokkuð, því þar segir, að stéttarfélög skuli opin öllum

í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæðinu. Skilja verður þetta síðastnefnda ákvæði svo, að þar sé verið að tryggja launþegum það, að möguleikar þeirra til vinnu á hinum almenna vinnumarkaði, innan þeirrar starfsgreinar, sem um er að ræða hverju sinni, séu eigi skertir með því, að stéttarfélög láti hentisemi þeirra, sem þegar eru orðnir félagsmenn, og fengið hafa með samningum félags síns forgangsréttaraðstöðu til vinnu þeirrar, sem völ er á, ráða því, hverjir geti notið þeirrar starfsaðstöðu, sem náðst hefur. Félagsdómur hefur og talið sér heimilt og rétt samkvæmt 1. tl. 44. gr. nefndra laga, að skera úr því, hvort synjun stéttarfélags eða stéttarfélagssambands í ákveðinni starfsgrein um inntöku aðilja, sem áttu starfslegra hagsmuna að gæta, samrýmdist fyrir mælum 2. gr. sömu laga.

Í máli því sem hér er til úrlausnar, er um það að ræða, að samband stéttarfélaga í ákveðinni starfsgrein sækir um inngöngu í allsherjarsamtök verklyðsfélaganna, sem hafa það markmið og eru skipulögð með þeim hætti, sem áður var lýst. Eigi er fram komið, að stefnandi hafi þá starfslegu hagsmuni af inngöngu í Alþýðusambandið, sem fyrir mæli 2. gr. laga nr. 80/1938 taka til og miðast við. Heimila ákvæði 44. gr. laganna Félagsdómi því eigi að dæma um það, hvort stefnda sé skylt að verða við þeirri kröfu stefnanda, og veita honum inngöngu í Alþýðusamband Íslands með fullum og óskertum réttindum og ber samkvæmt því að vísa máli þessu frá Félagsdómi.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Félagsdómi.

Málskostnaður fellur niður.

#### Sératkvæði Einars B. Guðmundssonar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, eiga menn rétt á að stofna stéttarfélög og stéttarfélagasambönd í þeim tilgangi að vinna sameiginlega að hagsmunamálum verkalýðs-stéttarinnar og launtaka yfirleitt.

Samkvæmt 3. gr. laga eru félagsmenn stéttarfélags bundnir við löglega samninga félagsins og stéttarsambands þess, sem félagið kann að vera í. Þá segir í 13. gr., að stéttarfélögum eða sambandi stéttarfélaga sé heimilt að gera með sér samning um gagnkvæman stuðning.

Samkvæmt 2. gr. laga Alþýðusambands Íslands er alþýðusambandið samtakaheild íslenzkrar alþýðu í verkalýðsmálum. Í 3. gr. lagann segir, að hlutverk alþýðusambandsins sé að hafa forystu í stéttarbaráttu og félagsstarfsemi alþýðunnar á Íslandi í málefnum atvinnustéttanna með það takmark fyrir augum, að þeim stéttum verði tryggð sambærileg kjör og sami réttur og öðrum stéttum í landinu. Framkvæmdir í þessu skyni annast stéttarfélögin sjálf eða sambönd þeirra, ásamt þingi og stjórn alþýðusambandsins.

6. gr. sömu laga fjallar um inngöngu í Alþýðusamband Íslands. Veitir greinin stéttarfélagsamböndum rétt til þátttöku í alþýðusambandinu með sömu takmörkunum og stéttarfélögum, eftir því sem við á.

Þau ákvæði laga nr. 80/1938 og laga alþýðusambandsins, sem hér hafa verið rakin, sýna að stéttarfélagasambönd njóta sömu réttinda og stéttarfélögin sjálf. Er og upplýst, að í Alþýðusambandi Íslands eru nú tvö stéttarfélagasambönd.

Félagsdómur var stofnaður með lögum nr. 80/1938, og er hlutverki hans lýst í 44. gr. laganna. Áminnst ákvæði um hlutverk Félagsdóms er að vísu ekki skýrt, enda miðað við þær aðstæður, er giltu, er lög nr. 80/1938 tóku gildi. Síðan hafa gerzt miklar breytingar í atvinnuháttum Íslendinga og í málefnum stéttarfélaga og launþega yfirleitt. Hafa áhrif Alþýðusambands Íslands aukizt ár frá ári, og er almennt litið á alþýðusambandið sem fulltrúa launastéttanna, annarra en þeirra, er starfa í þjónustu hins opinbera. Hefir þetta á margan hátt verið viðurkennt af ríkisvaldinu sjálfu, sem fengið hefir alþýðusambandinu í hendur mörg og mikilvæg hlutverk sem fulltrúa launastéttanna í landinu. Fer ekki á milli mála, hve þýðingarmikið það er stéttarfélögum eða stéttarfélagasamböndum, að vera í Alþýðusambandi Íslands og njóta þannig þeirra réttinda, sem þessi samtök veita launþegum.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 80/1938 er Félagsdómur skipaður fimm mönnum. Erú tveir dómendur skipaðir af Hæstarétti, einn af atvinnumálaráðherra úr hópi þriggja manna, sem Hæstiréttur tilnefnir, einn af Alþýðusambandi Íslands og einn af Vinnuveitendafélagi Íslands, nú Vinnuveitendasambandi Íslands. Er þannig ljóst, að löggjafarvaldið hefir viljað vanda til skipunar Félagsdóms, svo sem bezt varð á kosið.

Þegar framangreind atriði eru virt, er Félagsdómi skv. 44. gr. laga nr. 80/1938 rétt og skylt að fjalla um mál það, er hér liggur fyrir, þ. e., hvort Landssamband íslenzkra verzlunarmanna eigi

rétt til inngöngu í Alþýðusamband Íslands eða ekki. Verður því frá-  
vísunarkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Frávísunarkrafa Alþýðusambands Íslands er ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.

---

Nr. 9/1961. Fimmtudaginn 15. marz 1962.  
**Ástþór Einarsson**

(Jón Eiríksson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands  
Íslenzkra vörubílstjóra vegna Ekils, félags  
sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Vestmanna-  
eyjum og Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

Varadómari Benedikt Sigurjóns-  
son í stað Ísleifs Árnasonar.

Félagsréttindi. Skaðabótakrafa. Frávísun að hluta.

### Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 10. ágúst 1961, af Ástþóri Einarssyni vörubílstjóra í Vestmannaeyjum gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Landsambands íslenzkra vörubifreiðastjóra vegna Ekils, félags sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum. Þá hefur stefnandi með framhaldsstefnu, dags. 4. janúar þ. á., einnig stefnt nefndum samböndum vegna Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja, auk þess sem hann í sömu stefnu gerir frekari kröfur á hendur Ekli.

Samandregnar eru kröfur stefnanda þessar samkvæmt munnlegum málflutningi hans.